

1871.

1. marz.

hèr í borginni af því fè, sem veitt er með fjárhagslögnum 20 gr. VI. C.

4. marz.

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.¹

Í sambandi við bréf stjórnarráðsins 31. janúar þ. á., gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér auglýsið það, að 500 rd. eru veittir af því fè, sem til er tekið í Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands fyrir reikningsárið 1871—72. 11. gr., til þess að halda áfram að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.

Um leið og þess er getið, að stjórnarráðið hefir í dag sagt landfógetanum að láta þetta fè af hendi þá er þér heimtið það, mælumst vèr til þess, að þér gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, samkvæmt tillögum yðar í bréfum, dagsettum 15. júním. 1869 og 28. nóvbrm. f. á., og búumst vèr við að fá skýrslur frá yður um, hvað gjörzt hefir í þessu, þegar þar að kemur.

4. marz.

17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skrásetning skips.²

Eptir að stjórnarráðið hafði sent aðalskattastjórninni til úrskurðar bréf yðar 7. nóvbr. f. á., ásamt fylgiskjöllum, um það, að skonnortuskipið »Reykjavík« verði ritað á aðalskipaskrána fyrir Ísland, höfum vèr fengið bréf frá skattastjórninni, sem vèr sendum yður eptirrit af, en eptir því, sem þar segir, á samkvæmt tilsk.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 138.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 39.

1. maí 1838, 48. gr.¹, að greiða aðkaupsgjald af skipinu, sem er keypt í útlöndum, og af því að nokkrir gallar eru á þeirri skrásetningu skipsins, sem hefir átt sér stað, hefir þótt nauðsynlegt að fresta því, að rita skipið á aðalskipaskrána, og veita endilegt skrásetningarskrirteini.

1871.

4. marz.

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sending hinna dönsku Lagatíðinda og Stjórnartíðinda til ýmsra embættismanna.²

4. marz.

Í sambandi við bréf stjórnarráðsins 17. janúar þ. á. mælumst vör til, að þér, herra stiptamtmaður, tilkynnið landfógetanum, landlækninum og sýslumönnunum í suðurumdæminu, að þeim mun verða sent hverjum um sig eitt exemplar af (hinum dönsku) Lagatíðindum og Stjórnartíðindum, sem skal vera eign embættanna og fylgja þeim; sendum vör yður nú 8 exempl. af því, sem til þessa er út komið, til úthýtingar meðal tæðra embættismanna, og skal því við bætt, að áframhaldið mun verða sent þeim beinlínis með póstinum.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1871—72.

4. marz.

Með þessu bréfi sendum vör yður, herra stiptamtmaður, nokkur exempl. af Auglýsingu dómsmálastjórnarinnar, dagsettri í dag, sem inni hefir að halda áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á fjárhagsárinu frá 1. apríl 1871 til 31. marz 1872, sem staðfest er

¹) Lovsamling for Island, XI., 212.

²) Sama dag var hinum amtmönnunum skrifað á sömu leið, að því leyti, er snerti sýslumennina í þeirra umdæmum.